

Miðvikudaginn 22. maí 1940.

Nr. 1/1940. **Síldarbræðslan á Norðfirði**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Verzlun Sigfúsar Sveinssonar

(Garðar Þorsteinsson).

Dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt ex officio vegna rangs málatilbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Jónasi Thór-oddson, settum bæjarfógeta í Neskaupstað.

Áfrýjandi hefir áfrýjað málinu með stefnu 11. janúar 1940. Krefst hann þess aðallega, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Stefndi mótmælir kröfum áfrýjanda og krefst málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda, þær er hann hafði uppi í héraði, að reikningur stefnda verði ómerktur eða til vara, að honum sjálfum verði dæmt að greiða stefnda leigu eftir mati dómsins, eru ekki dómhæfar. Þá er sá galli á málatilbúnaði, að kröfur þessar hafa ekki verið lagðar til sáttanefndar, enda þótt eigi hafi verið skilyrði til þess að ganga fram hjá sáttanefnd samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Auk þess hefir dómariinn eigi leitað sátta um þá kröfu stefnda, er hann hafði uppi í málflutningnum, að honum yrði dæmd öll sú krafa, er reikningur hans greinir. Af þessum ástæðum, hvorri fyrir sig

og báðum saman, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Héraðsdómarinn hefir vanrækt leiðbeiningarskyldu sína bæði um málátilbúnað samkvæmt framanskráðu og um skýringu málsatriða, með því að umboðsmenn aðilja eru ólöglærðir, svo óafsakanlega, að ekki þykir verða hjá því komizt að sekta hann ex officio samkvæmt 3. málsg. 34. gr. laga nr. 85/1936 um 50 krónur til ríkissjóðs, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Jónas bæjarfógeti Thóróddsen greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 28. nóvember 1939.

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Neskaupstaðar með stefnu, dags. 27. nóv. 1939, og tekið fyrir í aukarétti Neskaupstaðar sama dag, þar eð stefndur hafði samþykkt að mæta án venjulegrar stefnubirtingar, þannig að stefnan væri einungis lögð fram fyrir hann í réttinum. Málið var síðan dómtekið sama dag.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hannes Jónsson, framkvæmdarstjóri sildarbræðslunnar á Norðfirði, afhenti þann $2\frac{4}{7}$ s. l. stefndum í máli þessu 1686 sk. af sildarmjöli til geymslu, og 2% s. l. voru stefndum afhentir 89 sk. af ufsamjöli af bræðslunni. Stefndandi hefir viðurkennt, að ósamið hafi verið um leigu á þeim 89 sk., sem afhentir voru stefndum til geymslu þann 2% s. l. Hvað aftur á móti þeim 1686 sk. af sildarmjöli, sem Hannes Jónsson framkvæmdarstjóri kom fyrir til geymslu hjá stefndum $2\frac{4}{7}$ s. l., viðvikur, þá heldur stefndandinn því fram, að svo hafi verið um samið, að Sildarbræðslan ætti að fá leigufria geymslu á þessu vöruþætti, ef 100 tonn af sildarmjöli bræðslunnar yrðu flutt út á árinu með Eimskip. Engir skriflegir samningar eru til um þetta atriði. Krefst stefndandinn þess, að reikningur stefnds, sem er upp á kr. 4153.20, verði dæmdur ómerkur, en til vara, að leiga fyrir mjöl þetta verði látin fara eftir mati réttarins. Ennfremur krefst stefndandi, að 86 sk. af sildarmjöli og 89 sk. af beinamjöli verði látnir lausir úr vörzlum stefnds gegn tryggingu Sparisjóðs Norðfjarðar á greiðslu skv. dómi, en stefndur hafði neitað að afhenda þetta mjöl úr sínum vörzlum fyrr en reikningur hans væri greiddur. Um þetta atriði varð þó það samkomulag, að stefndandi fengi afhent umrætt mjöl gegn nefndri tryggingu.

Stefndur í máli þessu mótmælir hinsvegar öllum framburði stefnanda og segir, að sér hafi verið afhentir hinir 1686 sk. af sildarmjöli til geymslu sem afgreiðslumanni Eimskips á Norðfirði, enda hafi mjölið átt að flytjast út með skipum Eimskipafélags Íslands og sé reikningur sinn samkv. taxa skipaafgreiðslanna á Norðfirði.

Stefndandi kveðst mótmæla framburði stefnds og heldur því fram, að mjölið hafi aldrei verið afhent á afgreiðslu Eimskips, heldur hafi því verið komið fyrir til geymslu hjá verzlun Sigfúsar Sveinssonar vegna þrengsla inni í sildarbræðslunni. Stefndur hinsvegar heldur fast við fyrri framburð sinn. Ennfremur hefir stefndur lagt fram vottorð frá starfsmanni afgreiðslu Eimskips á Norðfirði, Hjálmari Ólafssyni, um það, að sér hafi ekki verið kunnugt um annað en að umrætt mjöl væri geymt á vegum afgreiðslu Eimskips.

Rétturinn lítur svo á, að þar eð engir skriflegir samningar eru til um leigu á umræddu mjöli eða hverjum það hafi verið afhent til geymslu, þá verði að líta á mál þetta

samkvæmt eðli málsins og því sem venjulegast megi telja í slíkum viðskiptum.

Hvað geymslu mjölsins viðvikur, þá verður rétturinn að líta svo á sem það sé alveg óvenjulegt, að afgreiðslumanni stórrar skipaafgreiðslu séu afhent hátt á annað hundrað tonn af verðmætri útflutningsvöru til geymslu sem einstaklingi, án þess að það sé skipaafgreiðslunni viðkomandi. Getur því rétturinn ekki tekið kröfu stefnanda um ókeypis geymslu til greina. Þegar hinsvegar á að meta, hve há leigan ætti að vera, verður samkvæmt áðursögðum skilningi á því, að umrætt mjöl hafi verið í geymslu hjá afgreiðslu Eimskips á Norðfirði, að leggja geymslutaxta afgreiðslunnar til grundvallar, hvað geymslu hinna 1686 sk. af sildarmjöli viðvikur, þá þykir þó rétt að færa hinn venjulega taxta allmikið niður, þar eð hvorutveggja er, að hér er um mjög stórt vöruparti að ræða og ennfremur þar eð geymsla mjölsins stendur yfir óvenjulangan tíma, eða frá $2\frac{1}{4}$ — $1\frac{1}{4}$ ₁₁ 1939. Má því ætla, að stefndur hefði viljað gefa allverulegan afslátt frá hinum fasta taxta, ef hann hefði vitað fyrirfram, að geymslutíminn yrði svona langur. Þykir því dómáranum rétt að færa þenna reikningslið, sem er kr. 4046.40, niður um 35%, eða niður í kr. 2630.16. Hvað öðrum reikningslið nefnds reiknings viðvikur, þá þykir dómáranum rétt, þar eð aðeins er um 89 sk. af mjöli að ræða, að taka þá kröfu, kr. 106.80, að fullu til greina. Samtals tekur því dómárin kr. 2736.96 til greina af reikningi stefnds, og verður stefndum afhent sú upphæð af tryggingarfé sildarbræðslunnar strax eftir birtingu dóms þessa. Málskostnaður og birtingarkostnaður er samkvæmt reikningi kr. 33.70. Samtals ber því stefnanda að greiða kr. 2770.66.

Því dæmist rétt vera:

Stefnandi, Sildarbræðslan á Norðfirði, greiði stefnda kr. 2736.96, verzlun Sigfúsar Sveinssonar á Norðfirði, sem leigu fyrir 1775 sk. af mjöli, 1686 sk. frá $2\frac{1}{4}$ — $1\frac{1}{4}$ ₁₁ 1939 og 89 sk. frá 2% — $1\frac{1}{2}\%$ ₁₁ 1939. Ennfremur greiðir stefnandi kr. 33.70 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja strax eftir birtingu hans.